

Starfa á ætun 2022-2023

Skólahljómsveit

Grafarvogs

Landsmót 2022 á Akureyri



Einar Jónsson, hljómsveitarstjóri



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1#
1-Inngangur	2#
2-Starfstíminn	3#
3-Um námið og nemendur.....	3#
4-Svigrúm til umbóta	9#
5-Starfþróunaráætlun hljómsveitarinnar og upplýsingar um starfsmannamál.....	11#
6-Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.....	13#
7-Áherslur og nýjungar veturinn 2022-2023.....	14#
8-Skóladagatal fyrir komandi starfsár	17#

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

1-Inngangur

Skrifstofa Skóla og frístundaráðs Rvk. óskar eftir starfsáætlunum skólahljómsveita í Rvk. fyrir 2022-2023.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á starfsárinu.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs tekur gildi 1. ár hvert að jafnaði en þetta árið eru tafir vegna óvissu við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar sem vinnustaðurinn fékk í fangið eftir páska 2022.



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

2-Starfstíminn

Skóladagatal

Skólahljómsveit Grafarvogs vinnur eftir skóladagatali sem er eitt af grunnverkfærunum í starfi vetrarins. Kennarar vinna 175 daga með nemendum, þ.e. 35 vikur á starfsárinu.

Starfsdagar kennara eru 8 á vetri sem koma til viðbótar þessum 175 dögum með nemendum. Einn starfsdagur er á kennslutíma

(öskudagur) en hinir 7 í upphafi starfsárs og í lok starfsárs að jafnaði en í ár voru stéttarfélögin með tveggja daga þing í september sem gerði að verkum að tveimur starfsdögum var ráðstafað í það..

Ráðstöfunardagar (breyttir kennsludagar) eru 3-4 (þ.e. þegar nemendadagur er tekinn aftan af skólaárinu og bætt inn á helgi eða eftir kennsludaginn á miðju skólaárinu; t.d. vor/jóla/haust-

tónleikar hljómsveita auk Uppskeruhátíðar skólahljómsveita í Rvk. Sem haldin er í

Fjölskyldugarðinum í lok starfsársins.

Sjá nánar í Skóladagatali 2022-2023 sem er í viðhengi í lok starfsáætlunarinnar.

3-Um námið og nemendur

Námskrá

Kennt er eftir aðalnámskrá tónlistarskóla og próf tekin eftir áfangakerfi hennar. Áfangaprófin eru grunnpróf og miðpróf (auk framhaldsprófs sem ekki eru tekin af svo ungum nemendum eins og skólahljómsveitum). Utanaðkomandi prófdómarar frá *Prófanefnd tónlistarskólanna* koma og dæma þau próf.

Því til viðbótar eru vorpróf, svo árspróf 1-5. Þau próf eru tekin þegar nemandi er tilbúin í þau. Þau hjálpa til við að ákveða framgang milli hljómsveit svo nemendur séu sem mest að leika í hljómsveit meðal jafningja. Árspróf eru “innanhúspróf”, þ.e. dómarar eru kennarar hjá Skólahljómsveit Grafarvogs. Skólahljómsveitin hefur fyrir fram skilgreind námsmarkmið fyrir þessi próf, þ.e. hvaða tónstigar, hver mörg og erfið lög og þess háttar í sérstakri skrá.

Hljóðfærakennslan-tímalengd og tíðni

Í Skólahljómsveit Grafarvogs er hefð fyrir því að kennt sé hljóðfæratíma tvisvar í viku þegar því er við komið. Að jafnaði hafa 1.ársnemar fengið 20 mínútna kennslu tvisvar í viku. 2.ársnemar hafa fengið 25 mínútna kennslu tvisvar í viku og 3.ársnemar og lengra komnir hafa fengið 30 mínútna kennslu tvisvar í viku. Undantekning frá þessu er slagverkskennslan sem hefur ekki farið í minna en 25 mín tvisvar í viku vegna umfangs námsins með trommuleik og ásláttarhljóðfæri að auki. Sama er með fagottkennsluna sem hefur alltaf fengið 60 mín á viku.

Reynt er að bjóða upp á kennslu á tíma grunnskólans, til að frá nemendur óþreytta og komast hjá skutli foreldra á eftirmiðdögunum og árekstrum við annað frístundastarf. Þetta þarf þó að vera í fullri sátt skólans og forráðamanna auk þess sem grunnskólinn þarf að útvega hentugt rými fyrir kennsluna.

Tónfræðikennsla

Skólahljómsveit Grafarvogs hóf tónfræðikennslu í grunnnámi árið 2009 án þess að það sé fjármagnað. Miðnámskennsla hófst um 2018, einnig ófjármagnað.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

Nemendum er boðið í grunnnámið þegar þau byrja í B sveit. Miðnámið er hugsað fyrir þá sem eru í C sveit.

Hljómsveitarstarfið

Hljómsveitirnar æfa tvisvar í viku að jafnaði.

A sveit 1 æfir mánudögum kl.17:30-18:15, þ.e. 45 mín. á viku. Hefst í janúar 2023. A sveit 2 æfir á mánudögum og miðvikudögum kl. 16:30-17:15, þ.e. $45 \times 2 = 90$ mín á viku.

B sveit æfir þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:00-17:15, þ.e. 75 mín. $\times 2 =$ alls 150 mínútur á viku.

C sveit æfir þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:15-18:45, þ.e. 90 mín. $\times 2 =$ alls 180 mínútur á viku.

Haustið 2022 er tilraun með að hafa eina æfingu á viku í stað tveggja.

Tilfærsla milli hljómsveita

A sveit- Miðað er við að nýir nemendur byrji í hljómsveit hálfu ári eftir upphaf námsins að hausti og þau renni þá inn í hljómsveit sem heitir A sveit (eða A1 sveit ef tvær A sveitir eru starfræktar). Flestir í A sveit er í 3.-6. bekk eða þangað til þau hafa tekið 2.árspróf og er þeim þá boðið að taka sæti í B sveit haustið eftir.

B sveit- Miðað er við að nemendur í B sveit séu í 6.-8. bekk og hafi lokið 2.árprófi.

C sveit- Miðað er við að nemendur í C sveit séu krakkar í 8.bekk og upp úr sem lokið hafa grunnprófi (eða 4. ársprófi). Hljómsveitarstjóri getur gert undantekningar á þessu ef þurfa þykir.

Tilvistarkreppa „innihljómsveita“

Aukinni stjórnun sem nefnd er í **4-Starfsáætlun hljómsveitarinnar og starfsmannamál** fylgdi ekki aukið fé og voru yfirvinnugreiðslur sem áður höfðu verið eyrnamerkt „giggum“ þ.e. launum hljómsveitarstjóra þegar farið var út að spila með hljómsveit utan vinnutíma og um helgar, skornar niður og settar í að fjármagna aukna stjórnun. Sömuleiðis var fjármagn sem áður hafði verið eyrnamerkt yfirvinnu hljómsveitarstjóra á æfingahelgum hljómsveita og landsmótum Sambands íslenskra skólalúðrasveita skorið burt í heild sinni. Þetta hefur skilað sér í mikilli tilvistarkreppu hljómsveitanna sem geta ekki farið í æfingabúðir og landsmót eða spilað í nærumhverfi sínu því ósanngjarnt er að biðja hljómsveitarstjóra að vinna í sjálfböðavinnu á kvöldin og um helgar.

Æfingaferðir/æfingahelgar

Æfingahelgar eru haldnar á hverri önn að jafnaði. Æfingaferðir eru að jafnaði á vorönninni þó það komi fyrir að þær séu að auki farnar að hausti.

Áherslur í hljómsveitastarfinu

Áhersla á sýnileika hljómsveitarstarfsins hefur verið í uppnámi starfsárin 2021-2022 og 2022-2023 vegna vanfjármögnunar. Einungis hefur verið hægt að **láta hljómsveitirnar leika á skólatíma** því **ekki hefur verið fjármagn til að greiða fyrir kvöld og helgarvinnu hljómsveitarstjóra** eftir að

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

fjármagn sem áður var eyrnamerkt þess háttar vinnu var sett í að fjármagna „aukna stjórnun“ sem er kjarasamningsbundin.

Áherslur í starfinu undanfarin ár var að halda áfram uppbyggingu á samstarfi og sýnileika í nærsamfélagi og grunnskóla, þ.e. með fjölda heimsóknna hljómsveitanna og að bjóða fram krafta hljómsveitanna við öll tækifæri. Leiðir að þessu markmiði liggja að hluta í frumkvæði og skipulagningu.

Þennan veturinn verður þó fókusinn á að festa í sessi Menningarhúsið Spönginni og menningarmiðstöðina í nýreistri viðbyggingu við Dalskóla í Úlfarsárdal sem tónleikastað fyrir smærri tónleika (tónfundir). Þó vantar aðfinnanlega píanó í menningarhúsið í Spönginni til að standa undir nafni. Nemendur koma fram sem „einleikarar“ á þessum tónfundum og er viðmiðið að þau koma ca einu sinni á önn þannig fram auk hljómsveita tónleika og viðburða.

Hljómsveitin hefur í auknum mæli teygst sig út í nærsamfélagið og boðist til að koma með hljómsveit, t.d. í Spöng, Árbæjarsafn, á jólafund Korpúlfa og fleira.

Lykillinn að því að hægt sé auka tíðni á spilamennsku sveitanna er að dreifa álagi á fleiri en einn hljómsveitarstjóra. Þetta er gert með því að ráða fleiri hljómsveitarstjóra þannig að hinar ýmsu mismunandi hljómsveitir SHG geti leikið samtímis á stórhátíðum og dreift álagi á starfsfólki.



Nemendur og inntaka nemenda

Nemendafjöldi

Nemendaheimildir eru 130, þ.e. 130 tímar á viku í hljóðfærakennsluna, auk 11 tíma í hljómsveitirnar.

Fjölgun nemenda árið 2017

Nemendaheimildir jukust um 20 nemendur árið 2017 samkvæmt ákvörðun borgaryfirvalda. Þetta er afar jákvætt en ekki alveg án áskorana. Aðal áskorunin er þörf eftir auknu rými til kennslu á skólatímum í þétt setnum grunnskólum borgarinnar. Mannekla hefur auk þess haft áhrif á ráðningar og inntöku nemenda.

Fjöldi umsækjenda og biðlisti

Fjöldi umsókna hefur verið um 150-160 nemendur og nýjar umsóknir um 60.

Um 43 nýir nemendur voru teknir inn haustið 2022 á hin ýmsu hljóðfæri.

4.nóvember eru 39 þeirra enn í námi.

24.11.2022

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

4.nóvember eru 19 á biðlista eftir plássum.


4.nóvember 132 í námi.

90 af þeim voru nemendur sem endurnýjuðu umsóknina og ganga því fyrir um plássin. 60 eru því nýjar umsóknir. Val á nemendum er flókið og þarfnast yfirlegu. Fyrst þarf að huga að þörf hljómsveitarinnar fyrir tiltekin hljóðfæri en þau þurfa að vera í góðu jafnvægi til að hljómsveitin virki. Þeir sem sækja á þau hljóðfæri sem á vantar ganga því fyrir. Síðan eru 4. bekkingar í forgangi og svo 5. bekkingar. Því næst 3. bekkingar, 6. bekkingar og þar fram eftir götunum. Við þurfum að eiga hljóðfæri og hafa kennara til að sinna þessu sem treystir sé í að kenna á tiltekið hljóðfæri. Svo þarf að vera rými í grunnskólunum til að geta haldið úti kennslu. Það er ekki sjálfgefið að skólahljómsveitin fá aðstöðu til kennslu í grunnskólum á þjónustusvæðinu.

Á biðlista voru því tæplega 20 krakkar þegar þessi skýrsla er rituð byrjun nóvember. Tekið er inn af biðlistanum um leið og það losnar ef það er hægt. Það er ekki hægt að taka inn á t.d. flautu í Sæmundarskóla ef trompet nemandi hættir í Kelduskóla. Það hefur með staðsetningu kennara, akstur og þess háttar. Þetta er mikið púsluspil eins og fyrr er nefnt.

Kynjahlutföll og uppruni nemenda

Kynjahlutföll í Skólahljómsveit Grafarvog miðað við núverandi nemendalista u.þ.b. 43% drengir og 56% stúlkur sem er jafnara hlutfall en fyrir 5 árum þegar stúlkur voru um 56%. Kynhlutlausir eru um 2%.



Fjöldi barna af erlendum uppruna

Ekki er haldið sérstaklega utan um tölfræði um uppruna eða móðurmál nemenda en gróf könnun segir að um 10% nemenda séu af erlendum uppruna.

Fjöldi barna af erlendum uppruna vex nú um mundir því þetta er hærra hlutfall en í 2018 þegar hlutfallið var 5-6%. Tveir nemendur eru börn pólitískra flóttamanna.

Kynning fyrir minnihlutahópum

Til að kynna starfið enn frekar má auglýsa starfið á pólsku eða öðrum tungumálum.. Vorið 2017 voru keyptar auglýsingar á Facebook sem beint var að pólskumælandi fjölskyldufólki í Reykjavík þar sem umsóknarferlið í skólahljómsveitum var kynnt. Það skilaði sér ekki í auknum fjölda pólskra krakka. Líklega stóðu þessar auglýsingar of stutt yfir og hefðu þurft að beinast að fleirum eða lengur. E.t.v. mætti kynna starfið í Pólska skólanum sem starfræktur er á laugardögum í borginni. Til

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

að fara í svona átak **þarf fjármagn til auglýsinga sem eru sérhannaðar að notendum** sem tala ákveðið tungumál, búa á ákveðnum svæðum og eru á ákveðnum aldri, kyni og svo framvegis.

Nemendur með greiningar


Skólahljómsveitum hefur verið meinað um upplýsingar um greiningar á nemendum frá grunnskóla er það oft á tíðum bagalegt fyrir skólahljómsveitastarfið. Hver sem er getur ímyndað sér hvernig er í hljómsveit þegar t.d. 5 trommuleikarar eru í 40 manna hljómsveit og helmingur þeirra með adhd. Það getur verið þörf á að skoða þessi mál sérstaklega í ljósi farsældarlaganna þannig að hagur barnsins ráði för. Ef í 40 manna hljómsveit eru 10 manns með greiningu þarf sértækan stuðning. Skólahljómsveitastjórar þurfa upplýsingar um börn með greiningar. Þá geta þeir gripið til aðgerða, fjölgað kennurum á æfingum til aðstoðar. Eins og stendur eru hljómsveitastjórar oftast einir á æfingum. Eftir djúpgreiningu á starfsemi SFS 2016-2017 fengu skólahljómsveitir heimild til að ráða frístundafulltrúa til að aðstoða á hljómsveitaæfingum ef í hljómsveitinni var aukin þörf fyrir aðstoð, t.d. vegna nemenda með greiningu. Við aftur á móti fáum aldrei að heyra um þessar greiningar. Þetta var aftur á móti góð ákvörðun. Leyfilegt var að ráða ungt fólk á tímakaupi frístundaleiðbeinanda til að koma á hljómsveitaæfingu. Þeir sem ættu að veljast í þessa aðstoðarvinnu á hljómsveitaæfingum þurfa helst að geta aðstoðað tónlistarlega, þ.e. hafa grunnþekkingu á nótum og hljómsveitastarfi. Erfitt hefur verið að finna frístunda starfsmenn til að sinna þessu, því vinnutíminn er þá svo stuttur, t.d. æfingatími A sveitar gæti verið milli 16:30-17:15. Það nær ekki klukkustund og hver leggur á sig strætóferð upp í Grafarvog til að vinna tæplega einn tíma á tímakaupi frístundaleiðbeinanda. Mikið betra væri að skólahljómsveitir hefðu fjárheimild til að ráða kennara sem eru nú þegar í vinnu til að sinna aðstoða á hljómsveitaræfingum. Þetta hefur því ekki verið nýtt að neinu ráði því a) erfitt er að fá fólk í þessa vinnu og b) greiningar skorti.

Dreifing milli grunnskóla




Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

Á upptökusvæði Skólahljómsveitar Grafarvogs eru 7 skólar í Grafarvogi, 2 í Grafarholti og 1 í Úlfarsárdal, samtals 10 grunnskólar. Þó eru nemendur úr mun fleiri grunnskólum, þ.e. Tjarnarskóla og Árbæjarskóla. Um árabíl hafa nemendur komið einnig úr Waldorfskólum í Sóltúni og Lækjarbotnum. Síðan koma um 20 hljóðfæraleikarar úr átta mismunandi framhaldsskólum,



Dreifing milli hljóðfæra

Dreifing á milli hljóðfæra er heilbrigð í augnablikinu en hljómsveitirnar þurfa ákveðið jafnvægi milli mismunandi hljóðfæra til að tryggja jafnan og góðan hljóm sem virkar í hinum ýmsu útsetningum.



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

4-Svigrúm til umbóta

Skólahljómsveit Grafarvogs vill vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi, þ.e. sýnileg, nýjungagjörn stofnun sem laðar að sér góðan starfskraft með starfsþróunarmöguleikum og endurmenntun. Til þess að bæta um betur þarf ýmislegt að lagast.

Þörf er fyrir móttöku húsnæðisstefnu Rvk. fyrir skólahljómsveitir

Eins og vinnuhópur í djúpgreiningu 2016-2017 benti á þarf að fara fram móttöku á húsnæðisstefnu Rvk. fyrir skólahljómsveitir í borginni. Síðan þá er búið að fjölga nemendum um 20 í hverri sveit og er því enn brýnna að fara í þessu vinnu af alvöru fyrir þennan rúmlega 60 ára öldung sem skólahljómsveitir í Rvk. eru.

Aðstöðumál til kennslu

Í nýrri tónlistarstefnu Reykjavíkurborgar er horft til aukinnar tónlistarkennslu og eflingu skólahljómsveita. Í aðgerðaáætlun að innleiðingu stefnunnar er sérstaklega talað um að forgangsraða aðstöðumálum hjá skólahljómsveitum borgarinnar. Víða er aðstaðan mjög bágborin eða engin. Sum staðar fá kennarar ekki lykil að grunnskóla og þurfa að leita uppi skólaliða til að opna stofur og það getur verið tímafrekt þegar kennarar skólahljómsveita eru eins og „farkennarar“ það er þeir fara á stundum milli margra skóla á sama kennsludegi. Mikill tími fer í að pakka upp hljóðfæri, ganga úr/í einkabílinn sinn, aka á milli skóla. Ekki er á það bætandi að tími kennarar fari í að leita að lyklum. Einnig er þörf á að hafa fasta kennslustofu þar sem búnaður kennarar fái að standa, nótnastatíf, varahlutir, kennsluefni og fleira. Oftast eru kennarar að bera þennan búnað með sér þegar þeir hafa ekki fasta aðstöðu.

Gera þarf húsnæðisstefnu fyrir skólahljómsveitir, þ.e. að skilgreint er hvað grunnskóli þarf að bjóða upp á til að hægt sé að hafa kennslu á hverjum stað, t.d. fjöldi fermetra, geymslupláss, hljóðvistarviðmið, píanó/hljómborð á staðnum, innanhússími og fleira þessu tengt.

Einnig þarf húsnæðisstefnan að skilgreina hvernig aðstaða hljómsveita æfinganna þurfi að vera að lágmarki þar sem búnaður hljómsveitanna fái að standa milli æfinga.

Húsnæði inn af Fjörgyn í Foldaskóla

Það er löngu tímabært að gera gangskör í aðstöðumálum skólahljómsveita. Aðstaða skólahljómsveitarinnar í Foldaskóla hefur verið bágborin og eiginlega hægt að segja að skólahljómsveitin hafi EKKI verið með aðstöðu í Foldaskóla. Við höfum fengið upp á náð og miskunn að fara inn í herbergi sem tilheyrir félagsmiðstöðinni og er lítil kompa, ekki með hljómborði, þurfum að „fela“ trommur eftir notkun og er sjaldan þrifið. Herbergið er klofið í tvennt með „stúdíó“ vegg sem eyðileggur notkun herbergisins. Þar eru engir skápar og hvergi hægt að geyma nótur, munnstykki eða annað sem þar til kennslu. Aðilar á SFS eru að vinna í að laga þessa aðstöðu en það gengur hægt þó svo að aðstöðumál skólahljómsveita í Rvk. eigi að vera í forgangi í aðgerðaáætlun um innleiðingu tónlistarstefnu í Rvk.

Húsnæði í fatageymslu í Rimaskóla

Skólahljómsveit Grafarvogs hefur veitt mörgum nemendum Rimaskóla hljóðfæranám í geegnum árin. Skólahljómsveitin hefur þó vegna þrengsla í skólanum, ekki alltaf verið í viðunandi húsnæði og gengur ekki að húsnæði vísu á haustin. Skólastjóri Rimaskóla og hefur óskað eftir því að

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

fatageymsla á unglingagangi skólans verði gerð að tónlistarstofu sem mundi nýtast skólahljómsveit á daginn og félagsmiðstöð á kvöldin. Til þess að þetta geti orðið þurfa iðnaðarmenn að fara höndum um svæðið og mála, setja rafmagns- og tölvutengi ásamt vinnu við hljóðvist og setja tvennar dyr. Aðilar á SFS eru að vinna í að laga þessa aðstöðu en það gengur hægt þó svo að aðstöðumál skólahljómsveita í Rvk. eigi að vera í forgangi í aðgerðaáætlun um innleiðingu tónlistarstefnu í Rvk.

Umbóta vinna við aðstöðumál ganga hægt

Verkefnastjóri tónlistarmála hjá borginni hefur unnið í að fá þessa aðstöðu lagaða af iðnaðarmönnum án þess að hreyfing komi á málín, þó að skýrt sé í aðgerðaáætlun um innleiðingu nýrrar tónlistarstefnu að aðstöðumál skólahljómsveita ætti að vera forgangsatriði.



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

5-Starfþróunaráætlun hljómsveitarinnar og upplýsingar um starfsmannamál.

Skipulögð námskeið til starfsþróunar starfsmanna í skólahljómsveitum eru í lágmarki. Að hausti er einn starfsdagur sameiginlegur með skólahljómsveitum í Rvk. sem nýttur er í námskeiðshald og svo einn á öskudegi. Öllum starfsmönnum er boðið í starfsþróunarviðtal.

Starfsmenn eru að jafnaði 12-14 , í um 6,5 stöðugildum til kennslu, 1,17% staða í skrifstofustjórn og 0,5% staða í hljómsveitarstjórn.

Vel hefur tekist að byggja upp góðan vinnuanda í skólahljómsveitum borgarinnar, t.d. með námsferð sem farið var í til Ungverjalands vorið 2018 (styrkt af endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna), óvissuferðir við skólaslit, jólafagnað og sameiginlegar veislur þegar tilefni er til. Stefnt er að endurmenntunarferð til Grikklands í febrúar 2022 sem einnig er greidd af endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna sem kennarar greiða í af launum sínum.

Staða aðstoðarskólastjóra er ný frá haustinu 2021 þó hún hafi verið skilgreind í kjarasamningum um árabíl. Vel hefur tekist við að þróa starf aðstoðarskólastjóra sem létt hefur verulega á starfi skólastjóra.

Menntunarstaða kennara er mjög há og flestir með meistarapróf í hljóðfæraleik eða kennslu.

Kennarar þetta starfsárið eru:

Aron Örn Óskarsson	aðstoðarskólastjóri
Björgvin Ragnar Hjálmarsson	tréblásturshljóðfæri
Brjánn Ingason	tréblásturshljóðfæri
Einar Jónsson	skólastjóri og hljómsveitarstjórn
Freysteinn Gíslason	rafbassi og tónfræði
Helgi Jónsson	slagverkshljóðfæri
John Patrick McCowen	tréblásturshljóðfæri
Sigurður Sveinn Þorbergsson	málmblásturshljóðfæri
Sólveig Magnúsdóttir	tréblásturshljóðfæri
Steinar Sigurðarson	tréblásturshljóðfæri
Sæbjörg Eva Hlynisdóttir	tréblásturshljóðfæri
Zoltán Szklenár	málmblásturshljóðfæri
Øyvind Lapin Larsen	málmblásturshljóðfæri og hljómsveitarstjórn

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

Aukin stjórnun

Samkvæmt kjarasamningi tónlistarkennara er álag við kennslu skilgreint, t.d. hve margar kennslustundir kennari í fullri stöðu kennir. Á sama hátt er álag við að stjóra skipulagseiningu skilgreint, þ.e. skóli af ákveðinni stærð krefst svo og svo margra stunda við stjórnun. Samkvæmt kjarasamningi á hver og ein skólahljómsveit í Reykjavík að hafa sem nemur 40% aukinni stjórnun. Skólahljómsveitir börðust árum saman fyrir því að fá að ráða deildarstjóra eða aðstjóraskólastjóra eins og tilgreint var í kjarasamningi þangað til málið fór fyrir samráðsnefndar sveitarfélaganna um tónlistarmál. Þar var úrskurðað að skólahljómsveitir ættu að fá að ráða til sín aukna stjórnun, þ.e. aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Það var svo gert haustið 2021 og það var mikið gæfuspör. Þetta var þó ekki alveg án vandræða sbr. **Tilvistarkreppu inni hljómsveita**



6-Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.

Í skólahljómsveit Grafarvogs er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélags fundar einu sinni í mánuði og er með aðalfund í upphafi starfsárs að hausti. Foreldrafélagið kemur að fjáröflunum, umsjón með búningum hljómsveita, skipulagningu á æfingaferðum og utanlandsferðum og fjármunum þeim tengdum.



Stjórn foreldrafélags 2022-2023 skipa:

Anna Kapitola Engilbertsdóttir formaður

Auður Sigurðardóttir gjaldkeri

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari

Svara Guðrún Sigurðardóttir búningamál

Ásta Herdís Hall meðstjórnandi

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir þegar þörf krefur, t.d. fyrir alla nýja foreldra að haust, foreldrar ferðalanga fyrir æfingaferðir o.fl.

Foreldraviðtöl

Viðtöl foreldra við kennara er á auglýstum dagsetningum (sjá dagatal).

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

7-Áherslur og nýjungar veturinn 2022-2023

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar sé öllum í boði með því að vera ódýrt tilboð sem er vel kynnt og allir boðnir velkomnir og öllum geti liðið vel. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tónlistarmenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Þróa hlutverk aðstoðarskólastjóra en það er ný staða frá haustinu 2021

Þangað til haustið 2021 gerði skólastjóri "allt" fyrir utan hljóðfærakennsluna, þ.e. þangað til aðstoðarskólastjóri var ráðinn. Mikil bót er að fá aðstoðarskólastjóra og er í raun óraunverulegt að hugsa sér að hafa starfað öll þessi ár án aðstoðarskólastjóra. Hugmyndin um að vera lasinn heima var ekki til í dæminu þegar einn aðili ber ábyrgð á hljómsveitaræfingum og allri stjórn vinnustaðarins. Mikilvægt er að halda áfram að þróa starf aðstoðarskólastjóra til að stuðla að áframhaldandi framþróun vinnustaðarins. Hlutverkið þarf að vera í stöðugri skoðun.

Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnuvikunnar kom inn í starf tónlistarskóla með nýjum kjarasamningi og hófst innleiðing og útfærsla vorið 2022. Það leiddi til átaksverkefnis undir heitinu 'Sýnileikaátak' í lok apríl sem hefur í för með sér mikið aukinn samverutíma kennara með nemendum á tónleikum um víðan völl. Í staðinn fá kennarar frídaga. Sjá skóladagatal í lok skýrslu.

Spánarferð C sveitar sumarið 2023

Skólahljómsveitir í Rvk hafa árum saman farið í utanlandsferðir annað hvert ár og fór sveitin síðast í ferð til Ítalíu sumarið 2019 í Erasmus ferð. Síðan hefur C19 hamlað hljómsveitinni að ferðast og er nú tímabært að fara af stað aftur. Stefnt er að heimsókn á listahátíð í Calella í nágrenni Barcelona en SHG fór þangað í evrópuverkefni Youth in action árið 2013 síðast. Foreldrafélag hljómsveitarinnar skipuleggur alfarið þessa ferð og eiga þau þakkir skildar fyrir þá vinnu.

Landsmótsferð C sveitar til Akureyrar haustið 2022

Fyrstu helgina í október fór C sveit skólahljómsveitarinnar á landsmót SÍSL á Akureyri eftir langa C19 pásu. Ákaflega vel heppnuð ferð sem foreldrafélagið tók þátt í að skipuleggja eftir forskrift SÍSL sem heldur mótið.

Landsmótsferð A og B sveita til Vestmannaeyja vorið 2023

19.-21. maí 2023 stefna A og B sveitir skólahljómsveitanna að ferð á landsmót SÍSL fyrir AB sveitir í Vestmannaeyjum. Ef að líkum lætur munu um 90 börn frá SHG fara á þetta landsmót.

Endurmenntunarferð með kennarar til Grikklands í febrúar 2023.

Ferðanefnd skólahljómsveita í Rvk. skipuleggur um þessar mundir endurmenntunarferð til Kalamata í Grikklandi sem farið verður í febrúar 2023.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

Nýtt nemendaskráningarkerfi

Nýtt tölvukerfi verður tekið í notkun á starfsárinu sem heitir Speed Admin. Núverandi kerfi, sem heitir School Archive, var selt og nýir eigendur leggja það niður árið 2023. Þetta kallar á töluverða vinnu stjórnenda.

Starfsskrá

Starfsskrá skólahljómsveita þarf að klára enda hafa skólahljómsveitir unnið á starfsskrár frá stofnun árið 1956. Starfsskrá væri þá lýsing á starfinu sem er þá mótandi fyrir starfið og ætti að tryggja að skólahljómsveitatilboðið sé svipað milli mismunandi borgarhluta. Starfsskrárvinna er komin mjög langt er þarf að klára. Jafnframt þarf að kostnaðargreina „modelið“ sem starfsskráin kemur til með að lýsa og fjármagna í kjölfarið.

30 ára afmæli

Skólahljómsveit Grafarvogs fagnar 30 ára afmæli 21. mars 2023 og langar að bjóða íbúum og aðstandendum til veglegrar tónleikaveislu. Ekkert tónleikahúsnæði er á þjónustusvæði sveitarinnar og er því mikil áskorun að halda tónleika þarf sem hægt er að bjóða aðstandendum og velunnurum til tónleika. Nemendur eru alla jafna um 130. 130 nemendur ásamt tveimur foreldrum og einu systkini eru 520 manns. Þá eru amma og afi ekki í tölunni og ekki heldur íbúar á þjónustusvæði.

Skólahljómsveitin er því í tilvistarkreppu vegna þess. Augljós valkostur er að fá inni í Hörpu en það kostar alltaf um hálfa milljón. Skólahljómsveitin fær ekki fjáráðlutun fyrir tónleikahúsnæði og er það bagalegt. Æskilegt væri að Rvk. gæti samið við Hörpu upp á ákveðin tónleikafjöldi á ári hverju til að bjóða skólahljómsveitum. Þetta mætti gera í krafti hárri fjáráðlutana Rvk. til tónleikahússins okkar.

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

8-Bjart fram undan

Það er margt í starfinu sem hægt er að gleðjast yfir og hlakka til.

Staf skólahljómsveita er einstakt gæðastarf sem borgin má vera reglulega stolt af, sem birtist í starfsánægju kennara, lágum veikindafjarvistum kennara og mjög mikilli ánægju með starfið sem birtist í foreldrakönnunum. Skólahljómsveitirnar eru gæðanám sem er í boði nálægt nemandanum og er í stöðugri þróun. Tilboðið er þannig verðlagt að flestir ættu að geta nýtt sér þetta tilboð.

Auðvelt er að sjá hvernig starf skólahljómsveita tónar einstaklega vel við áhersluatriði menntastefnunnar okkar en þau eru **félagsfærni, sjálfsefning, læsi, heilbrigði og sköpun.**

Grafarvogur 24. nóvember 2022

EINAR JÓNSSON, STJÓRNANDI



Starfsáætlun Skólahljómsveitar Grafarvogs 2022-2023

8-Skóladagatal fyrir komandi starfsár

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Skólahljómsveit Grafarvogs

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÍ	JÚNÍ
1 M.Friðdagur verðunarmanna	1 F.	1 L.	1 Þ.	1 F.Falstúfsdagurinn	1 S.Vísingur	1 M.	1 M.	1 L.	1 M.Verkvöldadagurinn	1 F.Uppförun, átt hljóð-SKD
2 Þ.	2 F.	2 S.	2 M.	2 F.Kennarindur 5	2 F.	2 F.	2 F.	2 S.Páskunndagur	2 Þ.	2 F.
3 M.	3 L.	3 M.	3 F.	3 L.	3 Þ.Kennsla heiti	3 F.	3 F.	3 M.	3 M.	3 L.
4 F.	4 S.	4 Þ.	4 F.	4 S.	4 M.	4 L.	4 L.	4 Þ.	4 F.	4 S.Símannadagurinn
5 F.	5 M.	5 M.	5 L.	5 M.	5 F.	5 S.	5 S.	5 M.	5 F.	5 M.
6 L.	6 Þ.	6 F.	6 S.	6 Þ.	6 F.Frelsdagurinn	6 M.	6 M.	6 F.Skúlagur	6 L.	6 Þ.
7 S.	7 M.	7 F.Landnót C sveit Auður	7 M.Töskulur 4	7 M.Töskulur 7, Álempur	7 L.	7 Þ.	7 Þ.	7 F.Föstudagurinn lengi	7 S.	7 M.Skólaskipunir
8 M.	8 F.Riddelska Vorkufloam Starf	8 L.Landnót C sveit Auður	8 Þ.	8 F.	8 S.	8 M.	8 M.	8 L.	8 M.	8 F.
9 Þ.	9 F.Riddelska Vorkufloam Starf	9 S.Landnót C sveit Auður	9 M.Töskulur 5	9 F.	9 M.	9 F.	9 F.	9 S.Páskadagur	9 Þ.	9 F.
10 M.	10 L.	10 M.	10 F.Töskulur 6	10 L.	10 Þ.	10 F.Kennarindur 7	10 F.Töskulur 14	10 M.Attur í þellum	10 M.	10 L.
11 F.	11 S.	11 Þ.	11 F.Kennarindur 4	11 S.	11 M.	11 L.	11 L.	11 Þ.Kennsla heiti	11 F.	11 S.
12 F.	12 M.	12 M.	12 L.	12 M.	12 F.	12 S.	12 S.	12 M.	12 F.Kennarindur 10	12 M.
13 L.	13 Þ.	13 F.	13 S.	13 Þ.	13 F.Kennarindur 6	13 M.	13 M.	13 F.	13 L.	13 Þ.
14 S.	14 M.	14 F.Kennarindur 3	14 M.	14 M.Júlaheiti og hljóð-SKD	14 L.	14 Þ.Töskulur 10	14 Þ.	14 F.Kennarindur 9	14 S.	14 M.
15 M.	15 F.	15 L.	15 Þ.	15 F.Töskulur 8	15 S.	15 M.	15 M.	15 L.	15 M.	15 F.
16 Þ.	16 F.Dagur hlénaðar náttúru	16 S.	16 M.Dagur hlénaðar lengi	16 F.Töskulur 9	16 M.	16 F.	16 F.	16 S.	16 Þ.	16 F.
17 M.	17 L.	17 M.Töskulur 1	17 F.	17 L.	17 Þ.	17 F.	17 F.	17 M.Júlaheiti	17 M.	17 L.
18 F.	18 S.	18 Þ.	18 F.	18 S.	18 M.	18 L.	18 L.	18 Þ.	18 F.Uppförunndagur	18 S.
19 F.Kennarindur Starfsdagur 1	19 M.	19 M.Töskulur 2	19 L.Oskaldagur Heppu	19 M.	19 F.	19 S.	19 S.	19 M.	19 F.	19 M.
20 L.	20 Þ.	20 F.Töskulur 3	20 S.Dagur manneskna barna	20 Þ.Skólaskipunir	20 F.Bóndagur	20 M.	20 M.	20 F.Sunnudagurinn fyrsti	20 L.	20 Þ.
21 S.	21 M.	21 F.Hlaðir 1	21 M.	21 M.	21 L.	21 Þ.Sunnudagur	21 Þ.	21 F.Frjá	21 S.	21 M.
22 M.Sunnudagur starfsdagur 2 og 3	22 F.	22 L.Fyrsti vinnudagur	22 Þ.	22 F.	22 S.	22 M.	22 M.	22 M.	22 M.	22 F.
23 Þ.Starfsdagur 3	23 F.	23 S.	23 M.	23 F.	23 M.	23 F.	23 F.	23 S.	23 Þ.	23 F.
24 M.Kennsla heiti	24 L.	24 M.Hlaðir 2	24 F.	24 L.	24 Þ.	24 F.	24 F.	24 M.	24 M.	24 L.
25 F.	25 S.	25 Þ.Hlaðir 3	25 F.	25 S.	25 M.	25 L.	25 L.	25 Þ.	25 F.	25 S.
26 F.	26 M.	26 M.Frjá	26 L.	26 M.	26 F.	26 S.	26 S.	26 M.	26 F.	26 M.
27 L.	27 Þ.	27 F.Frjá	27 S.	27 Þ.	27 F.	27 M.	27 M.	27 F.	27 L.	27 Þ.
28 S.	28 M.	28 F.	28 M.	28 M.	28 L.	28 Þ.	28 Þ.	28 F.	28 S.	28 M.
29 M.Uppförunndagur mynna	29 F.	29 L.	29 Þ.	29 F.	29 S.	29 M.	29 M.	29 L.	29 M.	29 F.
30 Þ.	30 F.Kennarindur 2	30 S.	30 M.	30 F.	30 M.	30 F.	30 F.	30 S.	30 Þ.	30 F.
31 M.		31 M.		31 L.	31 Þ.		31 F.		31 M.	

Samkvæmt klarasamningi sveitarfélaga við K/FlHskulu skóladagar nemenda vera 175 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir breytir dagar eru 4 en þar eru kennarar með nemendum í öðru en hefðbundinni kennslu. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.